# Ambiance Superfinish Matt

## Pólýúretan lakk 5%




### Efnislýsing

Ambiance Superfinish Matt er almatt, vatnsþynnanlegt pólýúretan akrýllakk, með sérlega góðu floti. Lakkið er ætlað til málunar á eldhúskápum, húsgögnum, hurðum, körmum, sökklum, listum o.fl. Það hentar einnig vel á ryðvarðar plötur og stálhluti innanhúss. Ambiance Superfinish Matt hefur djúpa og dempaða áferð sem dregur fram litinn á afar fallegan hátt. Það þekur vel og myndar mjög slitsterka og þvottheldna málningarfilmu sem gulnar ekki með tímanum.

### Meðhöndlun

**Nýmálun**

1. Þegar óméðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
2. Grunnið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartlið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grunnið yfir spartlið, t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið að lokum tvær umferðir af Ambiance Superfinish Matt.

**Endurmálun**

1. Fjarlægið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Målartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grunnið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Sikkens BL Primer.
4. Spartlið flötinn ef þörf er á og grunnið.
5. Málið tvær umferðir af Ambiance Superfinish Matt.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Ambiance Superfinish Matt er borin á.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** Akrýllatex/Polýúretan
**Gljástig:** Almatt 5%
**Þurrktími við 23°C/50% raka:** Gegnumþurrt eftir 2 klst, yfirmálun möguleg eftir 6 klst
**Loft-/yfirborðshiti við málun:** Minnst +5°C
**Rakastig:** 40-80% (kjörrakastig 65%)
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** 10 $m^2$/l
**Umbúðir:** 1 og 2,5 l dósir
**Stofnar:** BW og BC
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostlausu rými
**Rokgjörn lífræn efni (VOC** (fl. A/d) 130 g/l**):** Inniheldur mest 99 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti

*Síðast uppfært í ágúst 2023